**Skipulags- og byggingarnefnd Mýrdalshrepps**
**Fundargerð**

**Fundur nr. 263 í Skipulags- og byggingarnefnd Mýrdalshrepps verður haldinn fimmtudagur 6. desember 2018 kl. 16:00 á skrifstofu Mýrdalshrepps.**
**Fundin sitja ásamt undirrituðu nefndarfólki og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.**

## Dagskrá:
## Mál:

1. **Smiðjuvegur 11 – Umsókn um byggingarleyfi**
   Skeljungur sækir um leyfi til að setja upp skilti við fánastengur.

   *Samþykkt samhljóða*

2. **Mýrarbraut 3 – Umsókn um lóð**
   Lögð er fram umsókn um lóð Mýrarbraut 3 í Víkurþorpi. Áður en samið er úthlutun lóðar, þarf sveitarstjóri að fá samþykki nefndarinnar til að leyfa byggingu á parhúsi.

   *Nefndin getur ekki teki afstöðu til umsóknarinnar fyrr en nánari upplýsingar um fyrirhugaða húsbygginu liggja fyrir. Afgreiðslu frestað.*

3. **Ytri-Sólheimar 3 – Stofnun lóðar**
   Benedikt Bragason leggur fram gögn vegna skilgreiningar á lóðum að Ytri-Sólheimum 3-lóð og Ytri-Sólheimum 4-lóð. Sótt er um stækkun á lóð Ytri-Sólheima 3 í samræmi við uppdrátt.

   *Samþykkt samhljóða*

4. **Hátún spennistöð – Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik.**
   Rarik sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir spennistöð við Hátún í samræmi við framlögð gögn.

   *Ákveðið að hafna umbeðinni staðsetningu og leggja til að spennistöðin verði flutt að Hátúni á milli Sigtúns og Króktúns.*

5. **Miðsvæði Víkurþorps – Umsókn um stöðuleyfi**
   Lagt er fram umsókn fyrir stöðuleyfi fyrir söluvagn í miðsvæðis Víkurþorps.
   Umræða hvort er ekki hægt til að búa til tímabundin sölutorg undir söluvagnar.

   *Afgreiðslu máls frestað til næsta fundar.*

6. **Mylluland 4 / Mylluland 6 – Umsókn um breyting á deiliskipulag**
   Lögð er fram umsókn um breyting á deiliskipulag vegna Myllulands 4 og Mylluland 6 í Víkurþorpi. Í breytingunni felst að byggingargerð á íbúðarlóðar breytist úr einbýlishúsum í fjölbýlishúsum.

   *Samþykkt með fyrirvara um að skilmálum deiliskipulags verði framfylgt.*

7. **Mylluland 4 / Mylluland 6 – Umsókn um byggingaleyfi**

Lögð er fram umsókn um byggingarleyfi vegna Myllulands 4 og Mylluland 6 í Víkurþorpi. Umsókn er tengst með málið hér fyrir ofan.

*Afgreiðslu máls frestað þar til aðaluppdrættir verða lagðir fyrir nefndina.*

**8. Smiðjuvegur 7 – Umsókn um breyting á deiliskipulag**

Lögð er fram umsókn um breyting á deiliskipulagi vegna Smiðjuvegur 7 í Víkurþorpi. Ingvar Þórðarson kvikmyndaframleiðanda fyrir hendi S12 103 ehf. leggur fram gögn fyrir byggingu af Sunnræna húsið og sótt er um breyting á deiliskipulag.
Eftirfarandi breytingar eru að ræða:

- lóðargerð frá lóð fyrir athafnasvæði í lóð fyrir verslun og þjónustu
- nýtingarhlutfall frá 0,4 í 0,6
- byggingu verði að hluta hærri en 7 m frá gólfkóta

*Nefndin gerir athugasemdir við teikningar af byggingunni, bæði vegna fyrirhugaðrar gistiaðstöðu og nýtingarhlutfalli lóðar. Nefndin gerir einnig athugasemd við að ekki virðist vera gert ráð fyrir bílastæðum í samræmi við þá starfsemi sem þarna á að fara fram. A.ö.l. tekur nefndin jákvætt í verkefnið.*

**9. Vesturhluti Víkurþorps – Verndarsvæði í byggð og deiliskipulag**

Auglýst var tillaga fyrir verndarsvæði í byggð fyrir vesturhluta Víkurþorps. Athugasemdir hafa borist varðandi Halldórsverslun.

*Nefndin þakkar fyrir áhugann en telur búið sé að fara í gegnum þessa umræðu og ákvörðun um staðsetningu verði óbreytt.*

**10. Austurvegur 16 - Umsókn um stöðuleyfi**

Lagt er fram umsókn fyrir stöðuleyfi vinnubúðar við Austurvegur 16. Skv. gögn gert er ráð fyrir verkfærageymslur, salerni, stakkageymslu og kaffiaðstöðu.

*Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi til 30.06.19. Nefndin leggur áherslu á að svæðið verði afgirt á framkvæmdatíma.*

**11. Austurhluti Vikurþorps - Strandvegur – Umsókn um breyting á deiliskipulag**

Lögð er fram tillaga um stækkun af íbúðasvæði við Strandvegi.

*Samþykkt með fyrirvara um að skilmálum deiliskipulags verði framfylgt*

*Fundi slitið kl.*

| | |
|---|---|
| *Drífa Bjarnadóttir* | *Jónas Erlendsson* |
| *Óðinn Gíslason* | *Kristján Þórðarson* |
| *George Frumuselu* | *Þórey Richardt Úlfarsdóttir* |